

Reglur og tækjalisti

SKREKKUR 2009

í Borgarleikhúsinu 9. 10. 11. 16.og 17. nóvember

Reglur

1. Allir grunnskólar með unglingastig (8. 9. og 10. bekkir) í borginni hafa leyfi til að senda eitt atriði í keppnina.
2. Allar listgreinar og hverskonar skemmtiatriði eru leyfileg.
3. Lengd skemmtiatriða er allt að 7 mínútur.
4. Ekki er leyfilegt að “mæma” eftir söng af disk í keppninni.
5. Atriðið má aðeins fara fram á sviði og í sal Borgarleikhússins.
6. Val á atriði verður að fara fram innan skólanna.
7. Dómnefnd er skipuð listamönnum.
8. Þátttakendum er skipt í fjóra “riðla” og komast tveir áfram úr hverjum riðli í úrslit þar sem sigurvegararnir fá afhentan SKREKKINN.
9. Hver skóli fyrir sig verður að hafa ljósamann, hljóðmann og sviðsmann (einhver úr skólanum sem er tæknimönnum leikhússins innanhandar með sitt atriði).
10. Tónlist verður að skila á cd eða USB lykli a.m.k. viku fyrir keppnisdag.
11. Keppendur hafa val um hvort þeir kynna atriði sitt sjálfir, þá þarf kynningin að vera innan 7 mínútna hámarks lengdar skemmtiatriðis, eða hvort kynnir á vegum Skrekks kynni atriðið (kynning gefur ekki stig fyrir atriðið).
12. Inntak skemmtiatriðis, s.s búningar, tónlist og það sem keppendur vilja koma á framfæri fyrir dómnefnd sendist á skrekkur@itr.is sólarhring fyrir keppnisdag.
13. Hámarksfjöldi keppenda er **35 manns** þar með taldir sviðsmenn, tæknimenn og annað aðstoðarfólk.
14. Hugmynd að atriði verður að koma frá grunnskólanemendum en ekki frá utanaðkomandi aðila.

Tækjalisti

Öflugt hljóðkerfi fyrir sal, cd og tölva. Monitorar settir upp fyrir danssvæði. 3 míkrafónar á stöndum, 3 þráðlausir handmíkrafónar, 3 “overhead” míkrafónar á stöndum 3 DI box flygill með míkrafönum
Mistvél,
Baklýsing: Dökkblátt, ljósblátt og heitt
Hliðarlýsing (balletstigar) m/fjórum litum
Framlýsing heit og köld
7 róbotar
2 eltiljós

Stærð á sviði er 12 m. á breidd og 10 m. á dýpt

Veffang: www.itr.is

Netfang: skrekkur@itr.is